

Fh. Fljótsdalshéraðs
Stefán Bragason
Skfifst.stjóri

4.11 201802163 - Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Í ljósi 4. töluliðar A-hluta tillögunnar bendir bæjarstjórn Fljótsdalshérað á að hún telur óráðlegt að útiloka allar línulagnir yfir hálendi, eins og þar er gert ráð fyrir. Bæjarstjórn bendir á að í sumum tilfellum má færa rök fyrir því að línulagnir um láglandi geti verið verri kostur með tilliti til sjónrænna áhrifa, heldur en línulagnir um hálendi. Má þar t.d. benda á svæði sunnan Vatnajökuls, sem sum hver eru innan þjóðgarðsmarka. Einnig má benda á að orðið hálendi er ekki frekar skilgreint í tillögunni og að mjög ólík sjónarmið geta átt við um línulagnir yfir mismunandi hálendissvæði.

Samþykkt með handauppréttingu með 8 atkv. en 1 sat hjá (RRI).